




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar

Greinargerð og tillögur starfshóps um endurskoðun reglnanna

Nóvember 2015

Inngangur

Reglur um auglýsingar í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar voru samþykktar í framkvæmdastjórn skóla- og frístundasviðs 10. september 2013. Lagt var til að þær yrðu endurskoðaðar að ári þegar komin væri reynsla á notkun þeirra.

Aðdraganda þess að reglurnar voru gerðar má rekja aftur til ársins 2004 þegar menntamálaráðuneytið beindi þeim tilmælum til skólastjóra grunnskóla, skólaskrifstofa og sveitarstjórna landsins að þær settu sér reglur um auglýsingar í grunnskólum í ljósi umræðna á Alþingi um aukna ásókn ýmissa fyrirtækja til þess að auglýsa beint eða óbeint í grunnskólum. Þegar skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar var sett á laggirnar árið 2011 var ljóst að gera þyrfti samræmdar reglur fyrir alla starfsemi sviðsins og var þá stuðst við reglur sem höfðu verið gerðar fyrir leikskóla, viðmið um útsendingar úr Mentor og drög að reglum fyrir grunnskóla, leiðbeinandi viðmið Umboðsmanns barna og talsmanns neytenda og ýmis lög og reglugerðir tengd málinu. Í hópnum sem vann að gerð reglnanna fyrir SFS árið 2013 sátu fulltrúar stjórnenda í leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum, fulltrúi frá ÍTR og starfsfólk frá skrifstofu sviðsins.

Endurskoðun

SFS hóf undirbúning endurskoðunar reglnanna í lok árs 2014. Ákveðið var að byrja á að gera könnun á viðhorfum stjórnenda og foreldra til reglnanna og sá tölfræði og rannsóknþjónusta sviðsins um framkvæmdina. Helstu niðurstöður könnunarinnar eru að af þeim sem taka afstöðu þá segja 69% að reynslan af reglunum sé góð, þar af 50% að hún sé *frekar góð*. Um 21% segja að reynslan sé slæm, þar af 16% *frekar slæm*. Um 10% stofnana sendu frá sér svar þar sem afstaðan var annaðhvort klofin eða að að svarendur svöruðu ekki en sögðu í opnu svari að að reynslan væri *bæði góð og slæm*. Um tveir af hverjum þremur eða 64% vilja breyta reglunum. Séu frístundamiðstöðvarnar, grunnskólarnir og leikskólarnir borin saman kemur í ljós að best er reynslan í leikskólunum en verst í frístundamiðstöðvunum. (fylgiskjal 1).

Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar skóla- og frístundaráði á fundi 13. maí 2015. Ráðið samþykkti svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að setja af stað starfshóp til að endurskoða reglur um auglýsingar í skóla- og frístundastarfi. Hópin skipi fulltrúar stjórnenda leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva, fulltrúar foreldra leikskólabarna og grunnskólabarna, fulltrúi íþrótt- og tómstundasviðs auk starfsmanna skrifstofu sviðsins. Haft verði samráð við umboðsmann barna við endurskoðunina. Hópurinn skili tillögum til skóla- og frístundaráðs við fyrsta tækifæri þannig að nýjar reglur geti tekið gildi fyrir skólabyrjun í ágúst nk.

Í fylgiskjali 2 er erindisbréf starfshópsins þar sem m.a. kemur fram skipan fulltrúa og helstu verkefni. Hópurinn hittist á nokkrum fundum auk rafrænna samskipta. Hluti hópsins fundaði með Umboðsmanni barna og jafnframt leituðu fulltrúar starfshópsins í bakland sitt vegna endurskoðunarinnar.

Hópurinn leitaði eftir upplýsingum um þátttöku barna og ungmenna í skipulögðu æskulýðs, íþrótt- og tómstundastarfi. Samkvæmt upplýsingum frá íþrótt- og tómstundasviði hefur þátttaka 6-18 ára í

skipulögðu starfi félaga sem standa fyrir æskulýðs, íþróttar og tómstundastarfi í borginni aukist jafnt og þétt undanfarin ár og mælist nú um 90% og nýting Frístundakortsins um 82%. Um 200 félög í Reykjavík og nágrennanabyggðum með um 2000 mismunandi tómstundatilboð eiga aðild að Frístundakortinu. Inni í þessum tölum er ekki barna og unglingastarf á vegum félagsmiðstöðva. Í tölunum eru hins vegar félög þar sem þátttaka er frí en þar er Frístundakortinu ekki ráðstafað. Þátttaka í skipulegu starfi árið 2013 eftir hverfum er nokkuð jöfn á bilinu 78-88% en þó sker hverfi 111 sig nokkuð úr þar sem þátttaka mælist 65%. Nánari upplýsingar er að finna í fylgiskjali 3.

Mat hópsins var að þörf væri á breytingum í þá átt að greiða fyrir kynningum á æskulýðs-, íþróttar- og tómstundastarfi fyrir börn og unglinga. Einnig þótti heppilegt að aðgreina reglu um gjafir til starfsstaða annars vegar og reglu um gjafir til barna til einkaeignar, hins vegar.

Meðfylgjandi er tillaga starfshópsins að endurskoðuðum reglum ásamt greinargerð.

Aftast í skýrslunni er að finna leiðbeinandi skema: *Leiðir til að svara beiðnum sem berast starfsstöðum SFS um auglýsingar/kynningar/gjafaúthlutanir* (fylgiskjal 4) og hefur það verið uppfært í samræmi við tillögur að breyttum reglum. Einnig eru aftast *Viðmiðunarreglur SFS um útsendingar í gegnum Mentor* (fylgiskjal 5) og hefur orðalagi í 3. gr. þeirra verið breytt lítillega..

Á vefsvæði umboðsmanns barna er að finna safn ítarefnis og upplýsinga um börn og markaðsmál. Sjá: <https://www.barn.is/malaflokkar/markadsmal/>

Reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar

Leiðarljós

„Börn skulu hafa aðgang að innlendum og erlendum upplýsingum og öðru efni sem stuðlar að alhliða þroska þeirra og sem þau njóta góðs af félagslega og menningarlega. Aðildarríkjum ber jafnframt skylda til að vernda börn fyrir efni sem skaðað getur velferð þeirra.“

(Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, 17. gr. lögfestur hér á landi 20. febrúar 2013)

„Engar auglýsingar skulu vera í grunnskólum eða leikskólum né önnur markaðssókn. Kynning á æskulýðs-, íþrótt- og tómstundastarfsemi sveitarfélaga er þó heimil.“

(Leiðbeinandi reglur um neytendavernd barna, Umboðsmaður barna og Talsmaður neytenda, 2009)

„Mikilvægt er að skólar byggi upp virk tengsl við nærsamfélag sitt og stuðli þannig að jákvæðum samskiptum og samstarfi við einstaklinga, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir.“

(Aðalnámskrá grunnskóla, 2011)

„Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til samvinnu og samstarfs milli barna, starfsfólks, foreldra og nærsamfélags.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011)

„Með góðu samstarfi við aðra sem bjóða upp á frístundastarf gefst oft gott tækifæri í frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum og frístundaklúbbum til að kynna fyrir börnum fjölbreytt viðfangsefni í frítímanum“

(Starfsskrá frístundamiðstöðva, skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2015)

Gildissvið og markmið

Reglurnar gilda um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar.

Markmið reglnanna er að vernda börn gegn auglýsingum og markaðssókn í skóla- og frístundastarfi:

- Þó án þess að takmarka að foreldrar og börn hafi aðgang að upplýsingum um æskulýðs-, íþrótt- og tómstundastarfsemi sem stuðlar að alhliða þroska og velferð barna.
- Þó án þess að banna að börn fái afhenta hluti samkvæmt ákvörðun stjórnanda og notaðir eru við fræðslu og forvarnir í starfseminni.

1. gr. Kynningar á æskulýðs-, íþrótt- og tómstundastarfi

Kynningar til barna og unglinga á æskulýðs-, íþrótt- og tómstundastarfi sem hluti af námi eru heimilar í skipulögðu skóla- og frístundastarfi í samráði við stjórnendur og starfsfólk.

Stærri og skipulagðar kynningar til barna og foreldra á úrvali æskulýðs-, íþrótt- og tómstundatilboða* fyrir börn og unglinga í viðkomandi hverfi, geta farið fram innan skóla eða frístundamiðstöðva á starfstíma þeirra. Foreldraráð leikskóla og skólaráð grunnskóla taka þátt í að móta stefnu skóla um fyrirkomulag kynninga og tengsl skóla við grenndarsamfélagið í samstarfi við foreldrafélög, nemendafélög og hagsmunaaðila í nærsamfélaginu.

Upplýsingum um tímasetningar og kostnað vegna æskulýðs-, íþrótt- og tómstundatilboða skal beina til foreldra en ekki barnanna.

2. gr. Upplýsingar um æskulýðs-, íþrótt- og tómstundastarf

Aðilar sem bjóða æskulýðs-, íþrótt- og tómstundastarf fyrir börn og unglinga geta komið upplýsingum á framfæri á vefnum www.fristund.is þar sem veittar eru upplýsingar um frístundatilboð, m.a. eftir aldri, efnisflokkum, tímabili og hverfum.

Frístundagátt Mentor** skal notuð til kynningar á www.fristund.is og til útsendingar tilfallandi tölvupósta til foreldra grunnskólabarna í tengslum við æskulýðs-, íþrótt- og tómstundastarf skóla- og frístundasviðs og aðila að Frístundakorti ÍTR. Leikskólastjórar skulu vekja athygli foreldra leikskólabarna á vefnum www.fristund.is.

3. gr. Auglýsingar

Auglýsingar sem beint er til barna og unglinga eru eingöngu leyfðar innan starfsstaða skóla- og frístundasviðs þegar þær tengjast með beinum hætti starfsemi á vegum sviðsins, starfsstaða þess eða samstarfsverkefnum sem starfsstaðir sviðsins eða Reykjavíkurborg eru þátttakendur í. Þessar auglýsingar geta t.d. verið í formi veggspjalda, bæklinga, upplýsinga á heimsíðum starfsstaða eða tilkynninga til foreldra í gegnum Mentor. **

4. gr. Gjafir til starfsstaða skóla- og frístundasviðs

Gjafir til starfsstaða skóla- og frístundasviðs frá utanaðkomandi aðilum, t.d. fyrirtækjum, félagasamtökum og stofnunum má þiggja ef stjórnandi telur þær hafa fræðslu- og forvarnagildi og samræmast stefnu skóla- og frístundasviðs og með því skilyrði að börn, starfsstaðir eða gjöfin sjálf sé ekki merkt kostunaraðila. Sem dæmi má nefna tölvur, leikföng, spil og öryggisvesti til notkunar í vettvangsferðum, tannbursta, sólmyrkvagleraugu o.s.frv., til notkunar við fræðslu og forvarnir í starfseminni. Framangreint er háð því að hlutirnir uppfylli staðla um öryggi þeirra. Starfsstaðir geta greint frá gjöfum af þessu tagi á vefsíðu sinni, í fréttabréfi og/eða með tölvupósti til foreldra.

5. gr. Gjafir til barna

Óheimilt er að dreifa gjöfum, sem ætlaðar eru börnum til einkaeignar, í skipulögðu skóla- og frístundastarfi. Hafi stjórnandi heimilað afhendingu hluta sem nota á við fræðslu og forvarnir í starfseminni sbr. 4. gr. er heimilt að börn fái þá til eignar.

Stjórnanda er heimilt í samráði við foreldraráð leikskóla eða skólaráð grunnskóla og foreldrafélag að veita utanaðkomandi aðilum leyfi til að nýta húsnæði starfsstaðar eftir að formlegu starfi lýkur til að dreifa gjöfum sem ætlaðar eru börnum til einkaeignar í fræðslu og forvarnaskyni. Beina skal tilkynningum um það til foreldra. Stjórnandi starfsstaðar fjalli árlega í foreldraráði leikskóla og skólaráði grunnskóla um beiðnir um afhendingu gjafa til barna skv. framangreindu.

Miða skal við að börnum séu ekki gefnar auglýsingavörur í vettvangsferðum til atvinnulífsins.

*Hér er átt við starfsemi frístundamiðstöðva á vegum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og tómstundatilboð aðila að Frístundakorti ÍTR.

**Viðmunarreglur SFS um útsendingar í gegnum Mentor.

Greinargerð

Nafni reglnanna hefur verið breytt í *Reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi* en var áður *Reglur um auglýsingar í skóla- og frístundastarfi ásamt leiðbeinandi skema. Viðmið um útsendingar úr Mentor*.

Fremst í reglunum eru tilvitnanir í sáttmála, reglur og viðmið sem höfð voru að leiðarljósi við gerð og endurskoðun reglnanna.

Breytingar á reglum

Uppbyggingu reglnanna hefur verið breytt til að gera þær skýrari. Áður voru þær í fjórum greinum en nú eru þær fimm.

1. grein kveður á um leiðir til að kynna fyrir börnum og foreldrum, fjölbreytta möguleika á æskulýðs- íþrótta- og tómstundastarfi.

Annars vegar tekur greinin til kynninga sem beinast beint að börnum, unglingum inni í skipulögðu skóla- og frístundastarfi, t.d. á íþróttagreinum í íþróttatímum, á hljóðfæranámi í tónmennt, á skátastarfi í útivistarfræðslu o.s.frv.

Hins vegar snýr greinin að stærri skipulögðum kynningum sem haldnar eru á starfstíma starfsstaða í samstarfi skólasamfélagsins og grenndarsamfélagsins. Mikilvægt er að skólaráð hvers skóla, í samstarfi við frístundamiðstöð síns hverfis og foreldrafélag eigi samráð um fyrirkomulag á kynningum á úrvali af æskulýðs-, íþrótta- og tómstundastarfi fyrir börn og unglinga í viðkomandi hverfi. Hér er átt við fjölda kynninga á ári, t.d. eina að vori og eina að hausti, hvort kynningarnar eigi að vera aldursskiptar o.s.frv.

2. grein vekur athygli á rafrænum miðunarleiðum sem eru sérstaklega ætlaðir til kynningar og upplýsingagjafar um æskulýðs- íþrótta- og tómstundastarf í borginni. Hér er um að ræða annars vegar vefinn www.fristund.is og hins vegar frístundagátt Mentor þar sem forstöðumenn frístundaheimila og félagsmiðstöðva geta sent tilfallandi upplýsingar um frístundastarf eða viðburði á vegum aðila sem eru með skipulagt frístundastarf fyrir börn og unglinga, með tölvupóst til foreldra grunnskólabarna. Jafnframt kemur inn í reglurnar ákvæði um frumkvæði starfsfólks sviðsins á að kynna vefinn www.fristund.is fyrir foreldrum leik- og grunnskólabarna.

3. grein fjallar um auglýsingar um innra starf og viðburði tengda sviðinu, svo sem í félagsmiðstöð, vorhátíðir, barnamenningu, forvarnir, hverfishátíðir o.s.frv. og er hún óbreytt frá fyrri reglum.

4. grein fjallar um gjafir til starfsstaða og þar er meginviðbótin sú að gefa má gjafir með fræðslu- og forvarnargildi til starfsstaða til að nýta í námi eða frístundastarfi. Gjafirnar má þiggja með því skilyrði að börn, starfsstaðir eða gjafir séu ekki merkt kostunaraðila.

5. grein er um dreifingu gjafa til barna til einkaeignar inni í skipulögðu skóla- og frístundastarfi sem er áfram óheimil. Bætt hefur verið við ákvæði um vettvangsferðir þar sem miða skal við að börnum séu ekki gefnar auglýsingavörur í þeim. Ástæða þess er sú að nám barna og unglinga fer bæði fram innan skólahúss og utan þess og því eðlilegt að sambærilegar reglur gildi þar um.

Stjórnendum er sem fyrr heimilt að lána húsnæði til úthlutunar gjafa sem ætlaðar eru börnum til einkaeignar utan starfstíma/skólatíma. Bætt hefur verið við reglurnar að slíkt geti verið í samstarfi við foreldrafélag, foreldraráð eða skólaráð. Hugmyndin á bak við þá breytingu er að félög foreldra, mögulega í samstarfi við fleiri aðila nærsamfélagsins geta skipulagt móttöku gjafa til barna sem talið er mikilvægt að komist í hendur þeirra.

Breytingar á skemanu um leiðir til að svara beiðnum sem berast starfsstöðum SFS

Undir liðnum Leiðir sem hægt er að fara innan SFS hefur verið bætt við dálki á eftir dálki 1, þar sem stendur **Í hefðbundnu starfi í samstarfi við stjórnanda og starfsfólk** (sbr. 1. gr.)

Undir liðnum Leiðir sem hægt er að fara innan SFS, í dálki 3 (áður 2) hefur verið bætt framan við textann þannig að hann er svona núna: **Á skipulögðum viðburðum starfsstaðar á starfstíma eða eftir að hefðbundnu starfi lýkur**, sbr. 1. gr. Var áður: **Á starfsstað eftir að hefðbundnu starfi lýkur**.

Fremsti dálkurinn í skemanu er um Tegundir beiðna.

Þar hefur verið bætt við nýjum lið á eftir þriðja lið þar sem segir: **Notkun og kynning á gjöfum til starfsstaðar í fræðslu og/eða forvarnaskyni**. (sbr. 4. gr.)

Í fimmta lið (áður fjórða) er fjallað um gjafir til barna til einkaeignar og er svona núna **Dreifing gjafa til barna til einkaeignar, innan starfsstaða og í vettvangsferðum**, sbr. 5. gr., var áður **Dreifing persónulegra gjafa til barna, hjálma, bóka, o.s.frv. til einkaeignar**.

Breytingar á viðmiðum um útsendingar úr Mentor

Í þriðja lið er orðalagi breytt til að koma í veg fyrir misskilning um tilgang gáttarinnar og er textinn svona núna: **Aðrir aðilar sem bjóða upp á skipulagt frístundastarf fyrir börn í Reykjavík og eru aðilar að frístundakortinu hafa tök á að koma tilfallandi upplýsingum um starf sitt eða viðburði með tölvupósti til foreldra grunnskólabarna í samvinnu við frístundamiðstöðvar....**

Textinn var áður: **Aðrir aðilar sem bjóða upp á skipulagt frístundastarf fyrir börn í Reykjavík og eru aðilar að frístundakortinu hafa tök á að kynna starfsemi sína í gáttinni í samvinnu við frístundamiðstöðvar...**

Lokaorð

Hópurinn leggur áherslu á að að endurskoðaðar reglur verið kynntar fyrir almenningi og þeim hópum sem þær snerta með beinum hætti.

Mikilvægt er að skólaráð hvers skóla, í samstarfi við frístundamiðstöð síns hverfis, taki samræðu um útfærslu á kynningum á úrvali af æskulýðs-, íþrótta- og tómstundastarfi fyrir börn í viðkomandi hverfi, sbr. 1. gr. reglnanna. Jafnframt er mikilvægt að stjórnendur starfsstaða sjái til þess að umræða fari fram árlega við fulltrúa foreldra (foreldráð, skólaráð) um afhendingu gjafa til barna til einkaeignar sbr. 5. gr.

Könnunin á viðhorfum til reglna um auglýsingar í skóla- og frístundastarfi

Könnunin var framkvæmd á vorönn 2015. Hún var send á eftirtalda aðila í tölvupósti: Skólastjóra til umfjöllunar í skólaráði, leikskólastjóra til sameiginlegrar umfjöllunar leikskólastjóra og foreldraráðs, framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva til umfjöllunar í stjórnendateymi frístundamiðstöðva og framkvæmdastjóra SAMFOKS til umfjöllunar í stjórn SAMFOKS.

Svörun

Svör bárust frá öllum frístundamiðstöðvunum, 28 af 34 grunnskólum (82%), 40 af 62 leikskólum (65%), báðum samreknunum og síðan SAMFOK. Í það heila bárust 77 svör frá þeim 105 aðilum sem fengu senda könnun. Svörunin er því um 73%.

Reynsla af reglunum


Af þeim sem taka afstöðu (3 stofnanir treystu sér ekki til að svara spurningunni) þá segja 69% að reynslan af reglunum sé góð, þar af 50% að hún sé *frekar góð* líkt og sjá má í töflu 1. Um 21% segja að reynslan sé slæm, þar af 16% *frekar slæm*. Um 10% stofnana sendu frá sér svar þar sem afstaðan var annaðhvort klofin eða að svarendur svöruðu ekki lokuðu spurningunni en sögðu í opnu svári að að reynslan væri *bæði góð og slæm*.

Séu frístundamiðstöðvarnar, grunnskólarnir og leikskólarnir borin saman (sjá einnig mynd 1) kemur í ljós að best er reynslan í leikskólunum en verst í frístundamiðstöðvunum. Þá er reynsla SAMFOKS *frekar slæm*.

Hversu góð eða slæm er reynsla ykkar af reglum um auglýsingar í skóla - og frístundastarfi sem tóku gildi í september 2013?

Tegund stofnunar	Mjög góða	Frekar góða	Bæði	Frekar slæma	Mjög slæma	Alls
Frístundamiðstöð	0 0%	1 17%	2 33%	3 50%	0 0%	6 100%
Grunnskóli	4 15%	14 54%	1 4%	4 15%	3 12%	26 100%
Leikskóli	10 26%	21 54%	3 8%	4 10%	1 2%	39 100%
Samreknir	0 0%	1 50%	1 50%	0 0%	0 0%	2 100%
SAMFOK	0 0%	0 0%	0 0%	1 100%	0 0%	1 100%
Allir	14 19%	37 50%	7 10%	12 16%	4 5%	74 100%

Tafla 1. Hversu góð eða slæm er reynsla ykkar af reglum um auglýsingar í skóla - og frístundastarfi sem tóku gildi í september 2013?



Mynd 1. Hversu góð eða slæm er reynsla ykkar af reglum um auglýsingar í skóla - og frístundastarfi sem tóku gildi í september 2013?

Að hvaða leyti er reynslan góð eða slæm?

Góð reynsla

Hér eru þeir þættir sem svarendur tiltóku sem dæmi um góða reynslu af reglunum.

Margir nefndu:

- **Gott að geta vísað í miðlægar reglur til að takmarka aðgengi auglýsenda og þannig eytt vafa** (mest leik – og grunnskólar).
- **Minningar truflun á starfi og sparar tíma** (mest leik – og grunnskólar).
- **Börn og foreldrar fá frið fyrir utanaðkomandi auglýsingaáreiði, þannig koma reglurnar í veg fyrir áreiði sem börn hafa oft ekki þroska eða þekkingu til að meta sjálf** (mest leik – og grunnskólar).
- **Reglurnar koma í veg fyrir þá mismunun að börn þeirra foreldra sem leyfa gjafir fá þær en hin ekki** (mest leik – og grunnskólar).
- **Allar stofnanir SFS sitja við sama borð þannig að komið er í veg fyrir mismunun ef ein stofnun leyfir t.d. gjafir/kynningar en önnur ekki** (mest leik – og grunnskólar).

Færri nefndu:

- **Frístundagáttin hefur reynst vel** (frístundamiðstöðvar).
- **Þrátt fyrir að takmarka aðgengi auglýsenda þá gefa reglurnar samt stofnunum tækifæri til að koma til móts við börn og foreldra varðandi málefni eins og t.d. afhendingu hjálma** (leik – og grunnskólar).

Slæm reynsla

Hér eru þeir þættir sem svarendur tiltóku sem dæmi um slæma reynslu af reglunum.

Margir nefndu:

- **Óþarfa miðstýring, stjórnendum ekki í sjálfsveld sett að taka afstöðu til einstakra beiðna um kynningar og gjafir** (mest í frístundamiðstöðvum og grunnskólum).
- **Heimilarnir ekki gjafir sem varða öryggi og lýðheilsu barna og unglinga og/eða hafa forvarnar, -uppeldislegt og menningarlegt gildi sbr. reiðhjól hjálma, tannbursta, endurskinsmerki, sólmyrkvagleraugu o.s.frv. (í þessu samhengi nefna sumir að þetta sé sérstaklega slæmt gagnvart börnum með lítil fjárráð)** (mest í leik – og grunnskólum).
- **Hamlar að íþróttir, tómstundir og annað forvarnarstarf, sérstaklega í hverfum, sé hægt að kynna í stofnunum SFS sem aftur getur leitt til mismununar og jafnvel einangrunar (í þessu samhengi nefna sumir að þetta sé sérstaklega slæmt gagnvart börnum af erlendum uppruna)** (mest í frístundamiðstöðvum og grunnskólum).


Færri nefndu:

- **Erfiðara að koma skilaboðum til foreldra, frístundagáttin ekki nægjanleg** (frístundamiðstöðvar).
- **Hefur leitt til fækkunar barna í íþrótt – og tómstundastarfi** (mest frístundamiðstöðvar).
- **Kemur í veg fyrir gjafir, styrki og vinninga sem stofnunum veitir annars ekki af vegna lítilla fjárráða.**
- **Slæmt að taka frá börnum og unglingum gagnrýna hugsun, ræða hlutina með þeim í stað þess að banna** (frístundamiðstöðvar).
- **Börnin verða af skemmtilegum kynningum, uppákomum og gjöfum sem annars setja skemmtilegan brag á starfið.**
- **Reglurnar samræmast illa gildandi grunnskólalögum og aðalnámskrá því þar er áhersla lögð á aukið svigrúm og sjálfstæði skóla til að móta sína stefnu, sérkenni, efla lýðræðislegt samstarf og mikilvæga tengingu við nærsamfélagið** (SAMFOK).
- **Reglurnar samrýmast illa forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar þar sem ítrekuð er mikilvægi virkni og þátttöku barna og unglinga m.a. í skipulögðu frístundastarfi** (SAMFOK).
- **Umræddar reglur S.F.S. ganga mun lengra en megin sjónarmið og leiðbeiningarreglur talsmanns neytenda og umboðsmanns barna sem vitnað er til í skýrslu starfshóps S.F.S.** (SAMFOK).

Breytingar á reglum

Um tveir af hverjum þremur eða 64% vilja breyta reglunum eins og mynd 2 sýnir. Um 30% vilja ekki breyta þeim. Um 6% stofnana sendu frá sér svar þar sem afstaðan var klofin til spurningarinnar hvort þau vildi breytingar eða ekki. Þessi svör eru hér skilgreind sem *já og nei*.

Þegar frístundamiðstöðvarnar, grunnskólarnir og leikskólarnir eru borin saman sést að mestur er viljinn til breytinga í frístundamiðstöðvunum en minnstur í leikskólunum. Þó er helmingur svara frá leikskólunum á þann veginn að þau vilja breytingar á reglunum. Í báðum samreknunum stofnunum og hjá SAMFOK er einnig vilji til breytinga (sést ekki á mynd).



Mynd 2. Mynduð þið vilja breyta reglunum?

Ef já, hverju mynduð þið vilja breyta?

Hér eru helstu breytingar sem svarendur vilja sjá á núverandi reglum.

Margir nefndu:

- **Stjórnendum, t.d. í samráði við skólaráð, nemendafélag, foreldrafélag, foreldraráð o.s.frv.) sé í sjálfsveld sett að taka afstöðu til einstakra beiðna um kynningar og gjafir** (mest í frístundamiðstöðvum og grunnskólum).
- **Heimila gjafir er varða öryggi og lýðheilsu barna og unglinga og/eða hafa forvarnar, - uppeldislegt og menningarlegt gildi sbr. reiðhjólahlálma, tannbursta, endurskinsmerki, sólmyrkvagleraugu**

o.s.frv. (í þessu samhengi nefna sumir að þetta sé sérstaklega mikilvægt fyrir börn sem koma af heimilum með lítill fjárráð). (mest í leik – og grunnskólum).

- *Að íþróttir, tómstundir og annað forvarnarstarf, sérstaklega í hverfum, sé hægt að kynna í stofnunum SFS (í þessu samhengi nefna sumir að þetta sé sérstaklega mikilvægt fyrir börn af erlendum uppruna). (mest í frístundamiðstöðvum og grunnskólum).*

Færri nefndu:

- *Auka sveigjanleika reglnanna til að auðvelda móttöku gjafa og styrkja til stofnana SFS sem að öðrum kosti ekki fá fé til að verða sér úti um tiltekna hluti.*
- *Aðalskrifstofa SFS ætti að velja og hafna gjöfum fyrir undirstofnanirnar (leikskólar).*
- *Leyfa foreldrum að meta hvort börnin þiggi gjafir (mest leik – og grunnskólar).*

Samantekt

- U.þ.b. tveim af hverjum þremur í könnuninni segja reynsluna af reglunum *mjög* eða *frekar góðar*. Þar er helst til talið að gott sé að geta vísað í miðlægar reglur og þannig eytt vafa, þær hjálpi til við að minnka truflun á starfi, börn og foreldrar fái frið fyrir auglýsingaáreiti og að þær komi í veg fyrir mismunun milli barna og stofnana.

Þrátt fyrir þetta vilja líka u.þ.b. tveir af hverjum þremur sjá breytingar á reglunum. Breytingarnar sem svarendur vilja helst sjá lúta að sömu þáttum og þeir helst telja upp sem slæma reynslu af reglunum. Breytingarnar sem helst er kallað eftir í könnuninni eru aukið vald stjórnenda vegna málaflöksins, aukin sveigjanleiki gagnvart gjöfum til barna og unglinga og aukið svigrúm gagnvart kynningum á íþróttum, - tómstunda og öðru forvarnarstarfi fyrir börnin og unglingana.




Erindisbréf starfshóps


Heiti starfshóps: Starfshópur um endurskoðun reglna um auglýsingar í skóla- og frístundastarfi
Ábyrgðarmaður: Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Rvk.
Markmið: Að endurskoða reglur um auglýsingar í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar.
Helstu verkefni: Skoða niðurstöður könnunar á viðhorfum til reglnanna. Ræða reynsluna af reglunum, samfélagslega umræðu, reglur annarra sveitarfélaga og hugmyndir að breytingum. Fá álit umboðsmanns barna. Hafa það í huga að skapa sem víðtækasta sátt um auglýsingamál í skóla- og frístundastarfi. Leggja fram tillögur til skóla- og frístundaráðs að að lokinn endurskoðun reglnanna.
Fulltrúar í starfshópi: Guðrún Hjartardóttir, skrifstofu sviðsstjóra SFS Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir, skrifstofu sviðsstjóra SFS Guðrún Sigtryggisdóttir, skrifstofu sviðsstjóra SFS Steinunn Ármannsdóttir, grunnskólahluta fagskrifstofu SFS Sigrún Sveinbjörnsdóttir, frístundahluta fagskrifstofu SFS Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, leikskólahluta fagskrifstofu SFS Ásgeir Beinteinsson, Félagi skólastjórnenda í Reykjavík, skólastjóri Háteigsskóla Guðrún Gunnarsdóttir, Félagi stjórnenda leikskóla, leikskólastjóri í Kvistaborg Jóhannes Guðlaugsson, fulltrú framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva, framkvæmdastjóri Ársels Gísli Árni Eggertsson, ÍTR Bryndís Jónsdóttir, SAMFOK Sveinn S. Kjartansson, Félag foreldra leikskólabarna
Formaður starfshóps: Guðrún Hjartardóttir
Starfsmaður: Steinunn Hjartardóttir
Ráðgjöf /samstarf: Umboðsmaður barna og aðrir aðilar eftir þörfum.
Starfstímabil: 2. júní – 30. júní 2015
Lokaskil: 30. júní 2015 (með fyrirvara)

Yfirlit yfir þróun þátttöku barna og unglinga í skipulegu starfi félaganna í borginni


Þátttaka 6-18 ára í starfsemi félaganna í borginni hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og mælist nú um 90% og nýting Frístundakortsins um 82%. Um 200 félög í Reykjavík og nágrannabyggðum eiga aðild að Frístundakortinu. Inni í þessum tölum er ekki barna og unglingastarf á vegum félagsmiðstöðva og eins eru í tölunum félög þar sem þátttaka er frí en þar er Frístundakortinu ekki ráðstafað.




Ráðstöfun Frístundakortsins hefur aukist í öllum aldurshópum. Besta nýting Frístundakortsins í dag er í aldurshópnum 6-9 ára og hefur hún aukist úr 77% árið 2011 í 95% árið 2014.




Þátttaka í skipulegu starfi árið 2013 eftir hverfum er nokkuð jöfn á bilinu 78-88% en þó sker hverfi 111 sig nokkuð úr þar sem þátttaka mælist 65%. Nýting Frístundakortsins er að mestu í samræmi við heildarþátttökuna.



Þátttaka 6-18 ára í starfsemi íþróttafélaga er að meðaltali 60% í borginni og ráðstafa 49% Frístundakortinu til íþróttafélaganna. Mest þátttaka er í pósthverfum 113 og 107 eða um 70%. Hverfi 111 sker sig nokkuð úr en þar er þátttaka í íþróttastarfi 39%.



Þátttaka 6-18 ára í lista- og menningarstarfsemi mælist að meðaltali 27% fyrir borgina í heild. Um 16% ráðstafa Frístundakortinu vegna þeirrar starfsemi. Mest þátttaka er í pósthverfi 101 en minnst í hverfi 111.



Athyglisvert er að flokkum og deildum í starfsemi allra félaganna sem aðild eiga að Frístundakortinu hefur fjölgað mjög undanfarin ár. Valmöguleikar þátttakenda eru fleiri og starfsemi félaganna skipt upp í fleiri og minni einingar til að mæta aukinni þátttöku og kröfum.

GÁE 29. júlí 2015

Leiðir til að svara beiðnum sem berast starfsstöðum SFS um auglýsingar/kynningar/gjafaúthlutanir*

Leið sem hægt er að fara innan SFS**												Leið sem hægt er að fara utan SFS*		
Tegund beiðnar	í tölvu- pósti til starfsfólks ***	í hefðbundnu starfi í samstarfi við stjórnanda og starfsfólk	Á skipulögðum viðburðum starfsstaðar á starfstíma eða eftir að hefð- bundnu starfi lýkur	Tölvupóstur til foreldra**** (til foreldra grunnskólabarna í gegnum frístundagátt)	Heimasíða starfsstaðar	Fréttabréf starfsstaðar	Veggsplöð á starfsstað	frístund.is	Dreifibréf í heimahúsi eða almennur póstur	Veggsplöð á almennings- stöðum	Almennir auglýsinga- miðlar			
Kynning á æskulýðs-, íþróttá- eða tómstundastarfi inni í skipulögðu skóla- og frístundastarfi í fræðsluskyni		✓	✓						✓	✓	✓			
Almenn kynning á æskulýðs-, íþróttá- og tómstundastarfi ætlað börnum í hverfinu eða í borginni			✓	✓				✓	✓	✓	✓			
Auglýsing um viðburð á vegum SFS eða sem starfsstaður sviðsins er formlegur samstarfsaðili að	✓		✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓			
Auglýsing um viðburð á vegum starfsstaðar SFS eða Reykjavíkurborgar	✓			✓	✓	✓	✓		✓	✓	✓			
Gjöf til starfsstaðar, notkun og kynning		✓	✓		✓	✓			✓	✓	✓			
Dreifing gjafa sem ætlaðar eru börnum til einkaeignar, innan starfsstaðar og í vettvangsferðum			✓						✓	✓	✓			
Auglýsing um viðburð í hverfi				✓	✓	✓			✓	✓	✓			
Auglýsing um vöru eða þjónustu									✓	✓	✓			
Auglýsing um pólitískan fund									✓	✓	✓			

*Með vísan í reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar.

**Þegar V er merkt í reit þýðir það að þá leið er hægt að nota við auglýsingar/kynningar/gjafaúthlutanir.

***Sending dreifibréfa með tölvupósti sem er óviðkomandi starfsemi Reykjavíkurborgar, t.d. keðjubréfa eða dreifibréfa vegna söluennsku eða safnana er óheimil samkvæmt lið 2.6. í reglum Reykjavíkurborgar um notkun og rafræna vöktun á tölvubúnaði, tölvupósti og interneti frá 15. júní 2010.

**** Í leikskólum bera leikskólasiðjórar ábyrgð á tölvupóstitilum foreldra. Í grunnskólum bera skólasiðjórar ábyrgð á upplýsingum í Mentor þ.m.t. tölvupóstitilum. Foreldrar geta einnig fengið tölvupósti í gegnum frístundagátt Mentor. Þar geta forstöðumenn í frístundastarfi SFS sent tilkynningar með tölvupósti til foreldra. Beiðnir um kynningar á frístundastarfi fara framvegis í gegnum þá en ekki skólasiðjóra. Foreldrar hafa val um að þiggja að fá þessar upplýsingar eða afþakka þær. Sjá nánar: *Viðmiðunarreglur SFS um útsendingar í gegnum Mentor (samþykktar af framkvæmdastjórn SFS)*.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Viðmiðunarreglur SFS um útsendingar í gegnum Mentor

1. Grunnskólinn

Skólastjóri ber ábyrgð á Mentor upplýsingakerfinu í sínum skóla.

Meginhlutverk Mentor upplýsingakerfisins er að halda utan um upplýsingar um skólagöngu nemenda svo sem mætingar, ástundun, námsframfarir, námsárangur, heimavinnu og hegðun og miðla þeim til foreldra.

Foreldrar barna fá tilkynningar í Mentor um starfið í skólanum og/eða viðburði sem skólinn stendur fyrir eða er þátttakandi í, sbr. *Reglur um auglýsingar í skóla- og frístundastarfi* (samþykktar 10. september 2013). Í Mentor upplýsingakerfinu hafa foreldrar sem eiga nemendur í sama bekk/árgangi tök á að senda tölvupóst sína á milli, um skólagöngu og/eða félagsstarf nemenda bekkjarins/árgangsins.

2. Foreldrafélög*

Skólastjóri veitir formanni foreldrafélags skólans aðgang að Mentor upplýsingakerfinu, ber ábyrgð á því og hefur eftirlit með notkun þess. Skólastjóri upplýsir formanninn um að með Mentor upplýsingakerfinu getur foreldrafélag náð til allra foreldra barna í skólanum og að eingöngu er leyfilegt að veita upplýsingar um félagsfund, fræðslufund, forvarnastarf, haust og vorfagnað og fleira með hagi barna þeirra að leiðarljósi.

3. Frístundastarf*

Frístundastarf er með sérstaka gátt í Mentor upplýsingakerfinu sem er á ábyrgð forstöðumanna frístundamiðstöðva en verkefnastjórar frístundaheimila og félagsmiðstöðva eru framkvæmdaaðilar.

Gáttinni er ætlað að miðla upplýsingum beint til foreldra um frístundastarf á vegum skóla- og frístundasviðs. Aðrir aðilar sem bjóða upp á skipulagt frístundastarf fyrir börn og unglinga í Reykjavík og eru aðilar að frístundakortinu hafa tök á að koma tilfallandi upplýsingum um starf sitt eða viðburði með tölvupósti til foreldra grunnskólabarna í samvinnu við frístundamiðstöðvar og verkefnastjóra frístundaheimila og félagsmiðstöðva í viðkomandi grunnskólum.

*Foreldrar geta valið að fá ekki upplýsingapóst frá foreldrafélagi og/eða frístundastarfi með því að merkja við viðeigandi reiti í Mentor.